

A 1903/UVN

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um

**Þingmannatillögu
um fyllingaraðgerðir í fegurðarskyni og aðrar fegurðarskurðaðgerðir****Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna á Norðurlöndum

að kanna og samræma reglur og löggjöf varðandi fyllingaraðgerðir í fegurðarskyni og aðrar fegurðarskurðaðgerðir þannig að eingöngu fagmenntuðu fólki innan heilbrigðisþjónustunnar leyfist að framkvæma fyllingaraðgerðir í fegurðarskyni, einstaklingnum til aukinnar verndar.

Bakgrunnur

Aðferðir sem ekki krefjast skurðaðgerðar og ætlaðar eru til leiðréttingar á breytingum af völdum öldrunar og til breytingar í því skyni að lagfæra og skerpa eðlilega andlitsþætti verða sífellt algengari. Slíkar fyllingaraðgerðir eru oft tengdar fegurðarskurðaðgerðum, þótt í mörgum löndum geti einnig aðrir en fagmenntað fólk innan heilbrigðisþjónustunnar veitt meðferð af þessu tagi.

Með tilliti til öryggis sjúklinga skapar það vandamál að ekki sé til löggjöf varðandi notkun fyllingarefna í öllum norrænu löndunum. Í Finnlandi mega til að mynda aðeins fagmenntaðir heilbrigðisstarfsmenn gefa bótúlníffyllingu en hins vegar er engrar menntunar krafist af starfsfólki þegar kemur að öðrum fyllingarefnum og í raun er ekkert eftirlit með slíkri starfsemi.

Það hefur í för með sér að erfitt er að fylgjast með því hvort veitandi meðferðarinnar sé menntaður í framkvæmd fyllingaraðgerða í fegurðarskyni eða hvaða hreinlætisráðstafanir eru gerðar á meðferðarstaðnum. Þá er einnig rétt að benda á að hver sem er getur pantað fyllingarefni. Því fylgir aukin hættu á sölu á fyllingarefnum sem ekki uppfylla gæðakröfur eða hreinlega á svikinni vöru. Nokkuð sem valdið getur gríðarlegum skaða.

Sé aðgerðin ekki framkvæmd af fagmenntuðum aðila innan heilbrigðisþjónustunnar fellur það tjón sem af aðgerðinni kann að hljóta ekki undir sjúklingatryggingu. Löggjöf um fyllingarmeðferð er mismunandi í norrænu löndunum.



Í Svíþjóð tóku nýlega gildi ný lög um februnarskurðaðgerðir og fyllingaraðgerðir í februnarskyni. Þau fela meðal annars í sér að fyrirtæki verða að skrá starfsemi sína hjá viðeigandi eftirlitsstofnun. Þá eru gerðar auknar hæfniskröfur þannig að einungis löggiltir læknar, tannlæknar og hjúkrunarfræðingar mega framkvæma fyllingaraðgerðir í februnarskyni. Í Noregi mega þeir einstaklingar framkvæma fyllingaraðgerðir sem lögum samkvæmt teljast til fagmenntaðra stétta innan heilbrigðisþjónustunnar en í Danmörku eru í gildi lög frá árinu 2007.

Í Finnlandi er bótúlín (bótox) lyfseðilsskylt lyf sem einungis læknar mega veita, eða fagmenntað fólk innan heilbrigðisþjónustunnar, svo sem hjúkrunarfræðingar, í umboði læknis. Einstaklingar sem ekki hafa hlotið menntun á heilbrigðissviði, svo sem snyrtifræðingar, mega veita fyllingu með öðrum fyllingarefnum.

Sumarið 2021 tóku gildi lög í Finnlandi sem samsvara reglugerð ESB um lækningatæki. Samkvæmt lögnum ber fagmanni (t.d. snyrtifræðingi) framvegis að upplýsa öryggis og þróunarmiðstöð lyfjamála ásamt framleiðanda, viðurkenndum fulltrúa, innflytjanda eða dreifingaraðila um hættur sem upp hafa komið og hafa haft eða kunna að hafa haft í för með sér heilsufarsáhættu. Að þessu leyti er verklag ESB framvegis samræmt.

ESB-gerðin er skref í rétta átt en við þurfum róttækar aðgerðir. Strangari og samnorræn löggjöf um innfyllingaraðgerðir í februnarskyni væri til þess fallin að auka öryggi sjúklinga og bæta réttindi þeirra ef upp koma vandamál. Til að unnt sé að komast hjá vandamálum og bregðast við þeim af þekkingu ef þau koma upp þarf mikla læknisfræðilega kunnáttu á háu stigi, þekkingu á líffærafræði og getu til að bregðast við í neyðartilvikum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin er sammála um að februnaraðgerðir með fyllingaraðgerðum og öðrum skurðaðgerðum geti verið afdrifaríkar fyrir einstakling ef mistök verða eða aðrir fylgikvillar koma upp. Meirihluti nefndarinnar er því sammála um að tillagan um að gerðar verði kröfur um menntun starfsfólks sem framkvæmir þessar aðgerðir sé skref í rétta átt.

Nefndin er einnig meðvituð um að februnaraðgerðir eru oft áhættusamar engu að síður og að menntunarkröfur munu ekki koma í veg fyrir mistök eða að fylgikvillar komi upp.

Meirihluti nefndarinnar telur þó að lágmarkskröfur um menntun starfsfólks geti dregið úr fjölda mistaka og tryggt gagnsæi varðandi hæfniskröfur til þeirra sem bjóða slíkar aðgerðir sem notendur gætu nýtt til leiðbeiningar áður en ákvörðun er tekin um meðferð.

Nefndin ræddi einnig möguleika á að víka út tillöguna svo að hún næði til ESB.



Reykjavík, 28 júní 2022

Anders Adlercreutz (sv)

Angelika Bengtsson (SD)

Anne Rasmussen (V)

Atte Kaleva (saml)

Eva Lindh (S)

Guðmundur Ingi Kristinsson (Flf)

Heli Järvinen (gröna)

Kathy Lie (SV)

Kim Berg (sd)

Per-Arne Håkansson (S)

Stinus Lindgreen (RV)

Tobias Drevland Lund (Rødt)

Tone Wilhelmsen Trøen (H)

Truls Vasvik (A)